

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnarás ehf. Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	8.6.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Efnarás ehf.	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klettagörðum 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5303150290	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.32.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360615,942 408599,18

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið voru tvö eldri frávik staðfest vegna starfsemi án starfsleyfis og fullrar söfnunarþróar. Eitt nýtt frávik var skráð vegna geymslu rafgeyma utandyra.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og skráningar og skiladaga skv. því. Samþykkt áætlun um úrbætur vegna fráviks sem sett voru í síðasta eftirlit var fylgt eftir.

Starfsleyfi rekstraraðila rann út 1. nóvember 2017 og fékk rekstraraðili frávik vegna þess í seinast eftirliti. Úrbætur vegna fráviksins fólust í umsókn um undanþágu til ráðuneytis. Ráðuneytið veitti undanþáguna en hún rann út 1. júní sl. Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar, það er í vinnslu hjá stofnuninni. Til stendur að færa starfsemi fyrirtækisins úr Klettagörðum og upp í Gufunes. Beðið er eftir að nýtt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun verði tilbúið og gert er ráð fyrir því að flutningum verði lokið í byrjun ágúst en það veltur þó á útgáfu starfsleyfisins. Rekstraraðili er líkt og í síðasta eftirliti án starfsleyfis og því er frávik frá því í síðasta eftirlit ekki lokið.

Engin mengunarslys hafa verið skráð frá því í síðasta eftirliti.

Bæklingur með kynningu á umhverfismarkmiðum var kynntur og rætt um umhverfismarkmið fyrirtækisins og mikilvægi þess að hafa markmiðin mælanleg.

Minna magn af spilliefnum og úrgangi var á svæðinu nú en var í seinasta eftirliti. Við síðasta eftirlit var skráð frávik vegna spilliefna og úrgangs sem geymt var á lóð að Klettagörðum 7 en starfsleyfi heimilar einungis notkun á lóð að Klettagörðum 9. Í samþykktri úrbótaáætlun frá 7. febrúar sl. kemur fram að búið sé að hreinsa lóðina og var það staðfest í eftirlitinu. Því er frávikinu lokið.

Í rými þar sem spilliefni eru geymd stóðu yfir viðgerðir og því höfðu kör með rafgeymum verið færð út. Körin voru opin og því átti rigning greiða leið að rafgeymunum.

Í gr. 2.6 í starfsleyfi er krafa um að ávallt sé laust 3 m³ rými í söfnunarþró. Þróin reyndist full þegar eftirlitið fór fram en hún hafði einnig reynst full í eftirlitum árin 2017 og 2016. Sjálfvirkur nemi í þrónni á að kveikja aðvörunarljós í aðstöðu félagsins sem ræsir menn til aðgerða. Ekki hafði verið fylgst nógu vel með mælinum. Þessi búnaður í þrónni telst mengunarvarnarbúnaður og skv. grein 4.1 í starfsleyfi skal skrá eftirlit og prófanir á mengunarvarnarbúnaði. Rekstraraðili sagði við eftirlit að tekið yrði sýni úr þrónni og hún tæmd. Frávik vegna sama ástands var sett í seinasta eftirliti og vegna ástandsins nú helst það frávik opið.

Grunnur að gæðahandbók er til fyrir fyrirtækið en nauðsynlegt er að uppfæra hana með hliðsjón af uppfærðum verkferlum og staðhættum. Í gæðahandbókinni eru allir verkferlar sem rekstraraðili vinnur eftir og góðar lýsingar fyrir starfsmenn.

Allar skráningar fyrir árið 2017 hafa borist rekstraraðila. Grænt bókhald 2017 fyrir Efnarás hefur borist Umhverfisstofnun.

Rætt var um móttöku lyfja og förgun þeirra. Rekstraraðili er með samning við ákveðin apótek um að sækja þangað lyf og koma þeim í förgun. Lítið berst af lyfjum beint inn á starfsstöð og þau lyf sem sótt eru í apótekin eru keyrð í Kólku samdægurs nema í undantekninga tilvikum.

Frávik frá

Gr. 2.3 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Skv. gr 2.3 í starfsleyfi skulu spilliefni sem geta leyst upp í vatni og haft óæskileg áhrif á efnasamsetningu frárennslis, s.s. blý, meðhöndluð þannig að þau blotni ekki. Í eftirliti voru rafgeymar geymdir utandyra.

ANNAÐ

Nú stendur fyrir dyrum innleiðing á breytingarreglugerð við reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækja úrgang. Í breytingunni er gerð krafa um að raf- og rafeindatæki séu geymd þannig að bæði undirlag sé vatnshelt og með lekasöfnun en líka að tækin hafi einhvers konar ábreiðslu eða séu geymd innandyra.

Geymsla fyrir spilliefni og úrgang í Gufunesi sem rekstraraðili sótti um undanþágu fyrir var skoðuð.

Fyrirhugað ný aðstaða og húsnæði í Gufunesi var skoðuð.

Reykjavík, 05.07.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir
Steinunn Karlsdóttir